

Hvar Slökkiliðsstöð Ísafjarðar 2022 kl 19:30-21:30

Mættir: Sigurður, Kristján, Heiða, Edda, Ólöf, Atli, Óliver, Guðni, Ingi, Guðfinna, Viðar, Pétur, Ívar og Rúnar

1. **Fundarsetning.** Sigurður A Jónsson formaður setti fundinn
2. **Kosning fundarstjóra og fundarritara.** Formaður lagði til að Kristján Jónsson yrði kjörinn fundarstjóri og Heiða Jónsdóttir fundarritari. Það var samþykkt með lófaklappi. Kristján tók við fundarstjórn.
3. **Formaður deildar gerir grein fyrir starfssemi deildarinnar á liðnu starfsári.** Sigurður A Jónsson las upp skýrslu stjórnar/formanns 2021.
4. **Gjaldkeri deildar leggur fram til samþykktar og gerir grein fyrir reikningum deildarinnar sem staðfestir hafa verið af kjörnum skoðunarmanni og gjaldkera aðalstjórnar.** Kristján Jónsson, gjaldkeri lagði fram ársreikinga og fór yfir helstu lykiltölur í rekstri deildarinnar. Kristján svaraði spurningum úr sal. Fara þarf betur yfir hvernig færslur eru skráðar. Eins spanst upp umræða hvort að við værum komin á þann stað að tímabært sé að aðskilja rekstur barnastarfs frá öðrum rekstrarliðum.
5. **Reglugerðabreytingar.** Engar reglugerðabreytingar liggja fyrir fundinum.
6. **Ákvörðun um félagsgjald** Tekin ar ákvörðun að halda árgjaldi í 8000þkr og hafa frítt fyrir börn. Lagt upp með að vera með virkari starfssemi sumarið 2022 og greina kostnað einstaklins til sérsambanda.
7. **Kosningar:**
 0. **Kosinn formaður deildar til eins árs.** Sigurður A Jónsson gaf kost á sér til áframhaldandi setu til formanns. Var það samþykkt með lófataki
 1. **Kosnir tveir meðstjórnendur og tveir varamenn til eins árs í senn.** Heiða Jónsdóttir og Edda María Hagalín voru kosnar með lófataki sem aðalmenn í stjórn. Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir og Ívar Már Svanbjörnsson gáfu kost á sér sem varamenn og var það samþykkt einróma.
8. **Önnur mál.**
 0. **Barnastarf** Námsk, æfingar, mót. Allir sammála um að sníða sér stakk eftir vexti. Hafa fókust á 3X námskeiðinu og samhjólinu. Annað spilað eftir eyranu. Það var áhugi fyrir því að sækja Ungduro/enduromót eða fara í ferðalag suður eða norður.
 1. **Fullorðinsstarf** Námsk, æfingar, mót rædd sem og hugmynd að racer utanlandsferð í haust/vetur eða vor.
 2. **Pump track** Greint frá stöðu verkefnis ákveðið að halda sérfund um næstu skref uppbyggingar.
 3. **Ferðastökkpallur** Tekin ákvörðun um að fjárfesta í einum slíkum. Atli/ingi leiða verkefnið.
 4. **ÍSÍ styrkir** Ýsmir styrkir í boði, ættum að vera duglegri að nýta okkur ferðastyrk ÍSÍ á Íslands/bikarmót
 5. **Samfélagsmiðlar** Rædd þörf fyrir að fá einhvern í verkefnið, mikil vinna.
 6. **Samtenging dala.** Heiða sótti um styrk til vegagerðar í fyrra en skráði kt Ísafjarðarbæjar í umsókn þar sem óskað ar eftir kt eiganda lands. Ef það kom styrkur fyrir verkefninu rann hann í pott Ísafjarðarbæjar.
 7. **Peysur** Ólöf ætlar að sjá um það, kanna áhuga og panta.

8. **Alþj samstarfsverkefni**
9. **Fjáröflun - flugeldarusl** Ákeðið að taka verkefnið, Rúnar, Ívar, Viðar, Ingi Björn og Atlabörn gáfu kost á sér í verkið.

9. Fundargerð lesin upp og fundarslit. Ritari klárar fundargerð eftir aðalfund og birtir hann á vef deildarinnar. Formaður slítur fundi.